



## Fundargerð aðalfundar VR, haldinn á Hilton Reykjavík Nordica, miðvikudaginn 25. mars 2014 kl. 19:30

Formaður félagsins, Ólafía B. Rafnsdóttir, setti fundinn og bauð félagsmenn velkomna.

Dagskrá aðalfundar VR samkvæmt 24 gr. félagslaga.

### Dagskrá:

1. Kosinn fundarstjóri.
2. Kosinn ritari.
3. Skýrsla stjórnarinnar um störf félagsins undanfarið starfsár.
4. Reikningar félagsins fyrir liðið starfsár lagðir fram til samþykktar.
5. Lagabreytingar og reglugerðarbreytingar
6. Lýst kjöri stjórnar og trúnaðarráðs.
7. Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarstofu og tveggja félagslega kjörinna skoðunarmanna.
8. Ákvörðun félagsgjalds.
9. Ákvörðun um laun stjórnarmanna.
10. Önnur mál.
  - a. Vinnudeilusjóður
  - b. Veiting gullmerkis VR

### 1. Kosning á fundarstjóra fundarstjóri.

Gerð var tillaga um Guðmundur B. Ólafsson, lögmanns VR sem fundarstjóra, samþykkt. Fundarstjóri fór yfir að fundurinn hefði verið auglýstur á réttum tíma úrskurðaði að fundurinn væri lögmætur.

### 2. Kosinn ritari.

Gerð var tillaga um Rósmarý Andersen Úlfarsdóttir, starfsmanns VR sen ritara, samþykkt samhljóða

### 3. Skýrsla stjórnar um störf félagssins fyrir liðið starfsár og reikningar félagsins, lagnir fram til samþykktar.

Ólafía B Rafnsdóttir formaður flutti skýrslu stjórnar VR. Ólafía sagði kjaramálin og stöðuna í kjarasamningum hafa borið hæst á nýliðnu starfsári stjórnar, enda samningar lausir og óvissa mikil á vinnumarkaði. Hún minntist þess að aldarfjórðungur er liðinn frá því þjóðarsáttarsamningar voru gerðir, þá hafi allir lagst á eitt til að ná fram sátt, “... það tókst og er þjóðarsáttin til marks um það hverju hægt er að ná fram með samstilltu átaki. Síðustu kjarasamningar okkar voru viðleitni til að undirbúa slíka sátt. Það var einnig klár vilji félagsmanna sem vildu leggja áherslu á kaupmátt og lægri verðbólgu. Og við lögðum okkur fram í þeirri vinnu. En þegar upp var staðið náði hugmyndin ekki fótfestu,” sagði Ólafía. Ný viðmið voru sett í kjarasamningum þegar

samið var við aðra hópa í þjóðfélaginu og til þeirra er litið í yfirstandandi tímum, sagði hún. Krafa VR í kjarasamningum sé um leiðréttingu. Í ávarpi sínu gagnrýndi Ólafía einnig stjórnvöld harðlega fyrir að standa ekki við þær yfirlýsingar sem þau gáfu út í tengslum við gerð síðustu samninga. En að nú verði að horfa til þeirra hagsmuna sem í húfi séu - stjórnvöld verði að koma að borðinu með aðgerðir sem skili launafólki betri stöðu. Hún nefndi sérstaklega skattamálin, til dæmis hækkun persónuafsláttar, og húsnæðismálin þar sem ríkisvaldið verði að veita forystu nýrri nálgun. „Það er undir hinu opinbera komið að tryggja réttlátan húsnæðismarkað þar sem allir geta búið í mannsæmandi húsnæði. Stjórnvöld starfa í umboði fólksins - það er krafa okkar að þau komi fram með lausnina.“

Það verður að ríkja sátt um það að launafólk geti lifað af dagvinnulaunum sínum. Stéttarfélög hafa lagt til mismunandi leiðir í því samhengi, sagði Ólafía, en þríhliða samstarf er grundvöllurinn að því að halda áfram. „Þó við séum ekki alltaf sammála um hvaða leið eigi að fara ber okkur skylda til að leita lausna,“ sagði formaður VR að lokum í ávarpi sínu á fundinum.

Fundarstjóri fékk formlegt samþykki til að fjalla um skýrslu stjórnar og reikninga félagsins saman.

#### 4. Reikningar félagsins.

Framkvæmdastjóri VR, Stefán Sveinbjörnsson, fór yfir reikninga félagsins sem að því loknu voru bornir undir fundinn og samþykktir.

Afkoma félagsins var jákvæð á síðasta ári, hreinar tekjur til ráðstöfunar hækkuðu um 37% á milli ára og námu 668 milljónum króna. Rekstrartekjur umfram rekstrargjöld aukast um 215 milljónir á milli ára. Rekstrartekjur jukust um 10,5% á milli ára og má einkum rekja það til iðgjaldaaukningar vegna launahækkana og fjölgunar í félaginu. Rekstrargjöld hækkuðu um 2,2% á milli ára sem skýrist helst af aukningu sjúkradagpeninga en um 60% af tekjum Sjúkrasjóðs VR fer í greiðslu sjúkradagpeninga. Þá jókst einnig kostnaður við rekstur orlofshúsa og aðra orlofsþjónustu en byggð voru fimm ný smáhýsi í Miðhúsaskógi á síðasta ári.

Raunávöxtun eignasafns VR var 3,46% á síðasta ári samanborið við 2,08% árið á undan. Fjárfestingastefna VR er varfærin og hugsuð til lengri tíma litið. Eiginfjárstaða félagsins er sterk.

Á fundinum var lögð fram tillaga um 570 milljóna króna framlag í VR varasjóð vegna ársins 2014 og rúmlega átta milljóna króna framlag vegna ársins 2013. Þetta er tæplega eitt hundrað milljóna króna hærra framlag en á síðasta ári. Samþykkt samhljóða Tillaga um óbreytt félagsgjald, 0,7% af heildarlaunum, var einng samþykkt sem og tillaga um óbreytt laun stjórnarmanna.

#### 5. Veiting gullmerkis VR

Fundarstjóri fékk leyfi til að færa fram í dagskrá veitingu Gullmerkis VR.



Tveir félagsmenn fengu afhent gullmerki á fundinum fyrir góð störf í þágu félagsmanna, þau Benedikt Vilhjálmsson og Anna Björg Siggeirsdóttir. Benedikt hefur verið félagsmaður frá árinu 1970 og sat í stjórn í alls 23 ár, frá 1989 til ársins 2012. Hann hefur gegnt ýmsum trúnaðarstörfum fyrir félagið á undanförunum áratugum og komið að þróun og framgangi orlofsmála í félaginu á síðasta aldarfjórðungi. Anna Björg starfaði í félaginu í rúm tuttugu ár og var m.a. ritstjóri VR blaðsins í rúman áratug. Anna Björg var einn helsti hvatamaður þess að félagið legði í auknum mæli áherslu á baráttuna fyrir jafnrétti kynjanna en VR er nú í forystu á því sviði.

## 6. Lagabreytingar.

### Lagabreytingatillögur stjórnar VR fyrir aðalfund VR 25. mars 2015.

#### Breyting nr. 1

Núverandi hljóðan (2. mgr. 3. gr. Félagsaðild):

“Félagar geta þeir orðið sem starfa á starfssviði félagsins sem launþegar eða eru sjálfstætt starfandi á vinnumarkaði.”

Verði (breyting í **rauðu letri**):

Félagar geta þeir orðið sem starfa á starfssviði félagsins sem laun**amenn** eða eru sjálfstætt starfandi á vinnumarkaði

#### Breyting nr. 2

Núverandi hljóðan (3. mgr. 3. gr. Félagsaðild):

„Einnig geta þeir félagsmenn sem hættu störfum á vinnumarkaði vegna atvinnuleysis eða örorku verið áfram félagsmenn gegn greiðslu félagsgjalds en njóta ekki kjörgengis í félaginu. Eftirlaunaþegar sem verið hafa í félaginu a.m.k. 5 ár fyrir töku eftirlauna geta átt takmörkuð réttindi í félaginu samkvæmt nánari reglum einstakra sjóða.“

Verði (breyting í **rauðu letri**):

**Félagsmenn sem missa starf sitt á vinnumarkaði geta áfram verið félagsmenn, gegn greiðslu félagsgjalds af greiðslum úr Atvinnuleysistryggingasjóði sem sjóðurinn hefur milligöngu um að skila til VR. Hafi þeir ekki verið félagar í VR við upphaf atvinnuleysisbótageiðslna skulu þeir hafa greitt félagsgjald til VR að lágmarki í 36 mánuði á síðustu 5 árum fyrir umsókn atvinnuleysisbóta.**

**Félagsmenn sem hættu störfum á vinnumarkaði vegna örorku geta verið áfram félagsmenn þó án þess að njóta kjörgengis í félaginu, gegn greiðslu félagsgjalds til VR hjá þeim lífeyrissjóðum sem bjóða milligöngu um að skila félagsgjöldum til**

stéttarféлага. Skulu þeir hafa verið félagsmenn í VR óslitið í 5 ár áður en Réttlæti kom.

Eldri félagsmenn sem fá greiddan ellilífeyri og sem verið hafa í félaginu a.m.k. 5 ár fyrir töku eftirlauna, við 67 ára aldur, teljast áfram félagsmenn í VR en njóta ekki kjörgengis. Þeir félagsmenn sem kjósa að hefja töku eftirlauna við 65 ára aldur geta viðhaldið réttindum með því að greiða félagsgjald af ellilífeyrisgreiðslum, hjá þeim lífeyrissjóðum sem bjóða milligöngu um að skila félagsgjöldum til stéttarféлага, til 67 ára aldurs. Þeir skulu hafa verið í félaginu a.m.k. samfellt í 5 ár fyrir töku eftirlauna.

Réttindi sem fylgja aðild samkvæmt öllu ofangreindu eru háð nánari reglum einstakra sjóða VR.

## Breyting nr. 3

Núverandi hljóðan (5. gr. Réttindi og skyldur):

### „5. gr. Réttindi og skyldur

Réttindi félagsmanna eru:

- Málfrelsi, tillögu- og atkvæðaréttur á fundum félagsins.
- Allir fullgildir félagar hafa kjörgengi til trúnaðarstarfa innan félagsins, þó með þeim undantekningum sem getið er um í 3.gr.
- Réttur til styrkja og greiðslna úr sjóðum félagsins í samræmi við reglur þeirra.
- Réttur til að vinna þau störf sem kjarasamningar taka til.
- Réttur til afnota af sameiginlegum eignum eftir nánari reglugerðum og reglum félagsins s.s. orlofshúsum, tjaldvögnum o.fl.
- Réttur til aðstoðar félagsins við vanefndir atvinnurekanda á starfskjörum.

Skyldur félagsmanna eru:

- Að hlíta lögum félagsins, fundarsköpum, fundarsamþykktum og halda í einu og öllu samninga sem félagið hefur gert.
- Að greiða félagsgjald.“

Verði (breyting í **rauðu letri**):

Réttindi félagsmanna eru:

- Málfrelsi, tillögu- og atkvæðaréttur á fundum félagsins. **Atkvæðisréttur um kjarasamninga félagsins er bundinn þeim sem starfa samkvæmt þeim kjarasamningi sem kosið er um hverju sinni.**
- Allir fullgildir félagar hafa kjörgengi til trúnaðarstarfa innan félagsins, þó með þeim undantekningum sem getið er um í 3.gr.
- Réttur til styrkja og greiðslna úr sjóðum félagsins í samræmi við reglur þeirra.
- Réttur til að vinna þau störf sem kjarasamningar taka til.



- Réttur til afnota af sameiginlegum eignum eftir nánari reglugerðum félagsins s.s. orlofshúsum, tjaldvögnum o.fl.
- Réttur til aðstoðar félagsins við vanefndir atvinnurekanda á starfskjörum.

Skyldur félagsmanna eru:

- Að hlíta lögum félagsins, fundarsköpum, fundarsamþykktum og halda í einu og öllu samninga sem félagið hefur gert.
- Að greiða félagsgjald.

## Breyting nr. 4

Núverandi hljóðan (2. mgr. 6. gr. Úrsögn):

“Fella skal burt af félagaskrá hvern þann félagsmann, er hverfur sem launþegi frá verslunar-, þjónustu- og skrifstofustörfum eða tekur að stunda atvinnu, er fellur undir starfssvið annarra stéttarféлага.”

Verði (breyting í **rauðu letri**):

Fella skal burt af félagaskrá hvern þann félagsmann, er hverfur sem launamaður frá verslunar-, þjónustu- og skrifstofustörfum eða tekur að stunda atvinnu, er fellur undir starfssvið annarra stéttarféлага.

## Breyting nr. 5

Núverandi hljóðan (3. ml. 9. gr. Félagsgjöld):

“Heimilt er með samþykki aðalfundar að ákveða að félagsgjald atvinnulausra og öryrkja renni í aðra sjóði félagsins til að tryggja réttindi þeirra úr sjóðunum.”

Verði:

Setningin falli á brott.

## Breyting nr. 6

Núverandi hljóðan (11. gr. Hæfi stjórnarmanna):

„Stjórnarmenn skv. 10 gr. og ef við á, rekstrarstjórnarmenn skv. 3. mgr. 26. gr. skulu vera fjár síns ráðandi og mega ekki á sl. 5 árum hafa hlotið fangelsisdóm fyrir refsiverðan verknað. Stjórnarmenn mega ekki eiga meira en 5% hlut í hlutafélagi sem er í atvinnurekstri á starfssviði félagsins. Stjórnarmenn sem missa hæfi skv. framansögðu á kjörtímabili sínu víkja sjálfkrafa og tafarlaust úr stjórn og taka varamenn þeirra sæti í þeirra stað þar til hæfisskilyrðum er fullnægt að nýju.

Við meðferð einstakra mála skal stjórnarmaður víkja sæti ef hann hefur hagsmuna að gæta sem kunna að fara í bága við hagsmunum félagsins.“

Verði (breyting í **rauðu letri**):

Stjórnarmenn skv. 10. gr. og ef við á, stjórnarmenn **sjóða** skv. 3. mgr. 26. gr. skulu vera fjár síns ráðandi og mega ekki á sl. 5 árum hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað. Stjórnarmenn mega ekki eiga meira en 5% hlut í **fyrirtæki** sem er í atvinnurekstri á starfssviði félagsins. Stjórnarmenn sem missa hæfi skv. framansögðu á kjörtímabili sínu víkja sjálfkrafa og tafarlaust úr stjórn og taka varamenn þeirra sæti í þeirra stað þar til hæfisskilyrðum er fullnægt að nýju. **Frambjóðendur til stjórnar VR skulu og uppfylla ofangreind skilyrði við lok framboðsfrests sbr. gr. 20.3. Sé ágreiningur um hæfi skal kjörstjórn úrskurða um það.**

Við meðferð einstakra mála skal stjórnarmaður víkja sæti ef hann hefur hagsmuna að gæta sem kunna að fara í bága við hagsmunum félagsins.

**Missi stjórnarmaður kjörgengi sitt á kjörtímabili skal hann tafarlaust víkja úr stjórn VR.**

---

## Breyting nr. 7

Núverandi hljóðan (2. mgr. 18. gr. Allsherjaratkvæðagreiðsla):

„Við allsherjaratkvæðagreiðslu skal viðhafa almenna leynilega póstatkvæðagreiðslu meðal félagsmanna samkvæmt reglum ASÍ nema sérstakar aðstæður hamli.“

Verði (orðið **“póst”** fellur brott):

Við allsherjaratkvæðagreiðslu skal viðhafa almenna leynilega atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna samkvæmt reglum ASÍ nema sérstakar aðstæður hamli.

## Breyting nr. 8

Núverandi hljóðan (3. ml. 25. gr. Félagsfundir)

“Fundur telst lögmætur, sé hann boðaður með auglýsingum í dagblöðum og/eða í útvarpi með minnst tveggja daga fyrirvara.”

Verði (breytingar í **rauðu letri**):

Fundur telst lögmætur, sé hann boðaður með auglýsingum í dagblöðum og **helstu netmiðlum** með minnst tveggja daga fyrirvara.



## Breyting nr. 9

Núverandi hljóðan (3. mgr. 26. gr. Sjóðir)

“Stjórn VR er stjórn sjóðanna en heimilt er að skipa sérstaka rekstrarstjórn um hvern sjóð fyrir sig.”

Verði (orðið “**rekstrar**” fellur brott):

Stjórn VR er stjórn sjóðanna en heimilt er að skipa sérstaka stjórn um hvern sjóð fyrir sig.

## Breyting nr. 10

Núverandi hljóðan (27. gr. Reikningar)

Stjórn félagsins leggur fram reikninga sem skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og áritaðir af honum og skoðunarmönnum félagsins. Skulu þeir liggja þannig frammi á skrifstofu félagsins félagsmönnum til sýnis sjö dögum fyrir aðalfund.

Verði (breytingar í **rauðu letri**):

Stjórn félagsins leggur fram reikninga sem skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og áritaðir af honum og skoðunarmönnum félagsins. Skulu þeir liggja þannig frammi á skrifstofu **og heimasíðu félagsins**, félagsmönnum til sýnis sjö dögum fyrir aðalfund.

Fundarstjóri gaf orðið laus um lagabreytingar:

Nokkrir fundarmenn tóku til máls:

Guðmundur Ingi Krisinsson tók til mál og vakti athygli á stöðu örykja og er ekki sáttur við að þeir séu ekki kjörgengir í félaginu og hafi ekki rétt á að vera í Trúnaðarráði VR.

Jóhanna Rúnarsdóttir tók til máls, Elfa Hjartardóttir tók til máls og lagði til breytingar á orðalagi í lagabreytingum og í stað þess að nota orðið launamenn verði notað launamanneskja Óskar, Petra,

**Kosningar um lagabreytingar:**

**Lagðar fram laga og reglugerðarbreytingar v/ Sjúkrasjóðs VR**

**Tillaga nr 1 lögð fram til samþykktar og samþykkt samhljóða**

**Tillaga nr 2 lögð fram breytingartillaga við hana:**

Tillaga nr 3, breytingartillaga samþykkt  
Aðrar breytingartillöguður samþykktar samhljóða  
Lögin í heild sinni með viðbótar breytingartillögum samþykkt

## Tillögur stjórnar VR að breytingum á reglugerð Sjúkrasjóðs VR fyrir aðalfund VR 25. mars 2015

### Tillaga nr. 1

Grein 2.1 Núverandi hljóðan:

*2.1 Verkefni sjóðsins er að veita félagsmönnum VR fjárhagsaðstoð í veikinda-, slysa- og dánartilvikum, svo og í elli- og örorkutilvikum.*

Verði (breyting í **rauðu letri**):

2.1 Verkefni sjóðsins er að veita félagsmönnum VR fjárhagsaðstoð í veikinda-, slysa- og dánartilvikum.

---

### Tillaga nr. 2

Grein 2.2 Önnur málsgrein (ótölusett) tekin úr gr. 2.2 og myndi nýja gr. 2.5  
Núverandi hljóðan:

*2.2 Verkefni sjóðsins er ennfremur að vinna að fyrirbyggjandi aðgerðum, er snerta starfsöryggi og heilsufar.*

*Aðalfundi hverju sinni er heimilt að ákveða að hlutfall af iðgjaldi félagsmanna í sjúkrasjóð renni inn í VR varasjóð og greiðist út samkvæmt reglugerð um VR varasjóð.*

Verði (breyting í **rauðu letri**):

2.2 Verkefni sjóðsins er ennfremur að vinna að fyrirbyggjandi aðgerðum, er snerta starfsöryggi og heilsufar.

**2.5** Aðalfundi hverju sinni er heimilt að ákveða að hlutfall af iðgjaldi félagsmanna í sjúkrasjóð renni inn í VR varasjóð og greiðist út samkvæmt reglugerð um VR varasjóð.



### Tillaga nr. 3

Grein 4.1 Núverandi hljóðan:

*4.1 Tekjur sjóðsins eru skv. 7. gr. laga nr. 19, 1. maí 1979, sammingsbundin gjöld atvinnurekenda til sjóðsins.*

Verði (breyting í **rauðu letri**):

4.1 Tekjur sjóðsins eru sammingsbundin gjöld atvinnurekenda til sjóðsins **skv. kjarasamningum VR á hverjum tíma sbr.** 7. gr. laga nr. 19, 1. maí 1979.

---

### Tillaga nr. 4

Grein 4.2 – komi alveg ný gr. 4.2 og bætist við nýjar greinar 4.3 og 4.4. Núverandi hljóðan:

*4.2 Aðrar tekjur skv. nánari reglum.*

Verði (breyting í **rauðu letri**):

4.2 **Vaxtatekjur og annar arður.**  
4.3 **Gjafir, framlög og styrkir.**  
4.4. **Aðrar tekjur sem aðalfundur félagsins/sjóðsins kann að ákveða hverju sinni.**

---

### Tillaga nr. 5

Grein 5.2 Núverandi hljóðan:

*5.2 Stjórn VR er heimilt að fela fimm mönnum framkvæmdastjórn, sem fer með daglega afgreiðslu sjóðsins. Stjórn VR tilnefnir formann framkvæmdastjórnar.*

Verði (breyting í **rauðu letri**):

5.2 Stjórn VR er heimilt að fela fimm mönnum framkvæmdastjórn, sem fer með **stjórn og eftirlit með** afgreiðslu sjóðsins. Framkvæmdastjórn kýs sér formann .

## Tillaga nr. 6

Grein 5.6 - Það komi ný gr. 5.6 og núverandi gr. 5.6 fái númerið 5.7  
Núverandi hljóðan:

*5.6 Stjórn sjóðsins setur nánari starfsreglur um greiðslur bóta og aðra starfstilhögun.*

Verði (breyting í **rauðu letri**):

**5.6 Ávallt skulu liggja fyrir upplýsingar um rétt félagsmanns til greiðslu úr sjóðnum.**

**5.7 Stjórn sjóðsins setur nánari starfsreglur um greiðslur bóta og aðra starfstilhögun.**

---

## Tillaga nr. 7

Grein 6.1  
Núverandi hljóðan:

*6.1 Reikningar sjóðsins skulu lagðir fram áritaðir af félagslegum skoðunarmönnum félagsins og löggiltum endurskoðanda fyrir aðalfund félagsins til afgreiðslu.*

Verði (breyting í **rauðu letri**):

6.1 Reikningar sjóðsins skulu lagðir fram áritaðir af **löggiltum endurskoðanda og félagslegum skoðunarmönnum félagsins** fyrir aðalfund félagsins til afgreiðslu.

---

## Tillaga nr. 8

Grein 6 - Hér bætist við tveir nýir töluliðir þ.e. gr. 6.2 og 6.3:

Verði (breyting í **rauðu letri**):

**6.2 Endurskoðun ber að framkvæma af löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarfélagi í samræmi við góða endurskoðunarvenju sem í gildi er á hverjum tíma.**

**6.3 Í ársreikningi eða skýringum með honum skal sundurliða sérstaklega kostnað vegna hvers og eins bótaflokks.**



## Tillaga nr. 9

Grein 7.1

Núverandi hljóðan:

*Fimmta hvert ár að minnsta kosti skal stjórn sjóðsins fá óháðan tryggingafræðing eða löggiltan endurskoðanda til þess að meta framtíðarstöðu sjóðsins og hvort sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar.*

Verði (breyting í **rauðu letri**):

**Annað** hvert ár skal **framkvæmdastjórn** sjóðsins fá óháðan tryggingafræðing eða löggiltan endurskoðanda til þess að meta framtíðarstöðu sjóðsins og hvort sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar.

---

## Tillaga nr. 10

Grein 9 – Ótölusett fyrsta málsgrein fái númerið 9.1 og númer þeirra málsgreina sem á eftir fylgi breytist samkvæmt því auk tilvísana - Núvarandi hljóðan:

*Rétt til styrkveitinga úr sjóðnum eiga einungis þeir sem verið er að greiða fyrir til sjóðsins þegar réttur til aðstoðar myndast og fullnægja eftirtöldum skilyrðum, samanber þó gr. 9.3, 9.5, 10.2 og 10.3.*

Verði (breyting í **rauðu letri**):

**9.1** Rétt til styrkveitinga úr sjóðnum eiga einungis þeir sem verið er að greiða fyrir til sjóðsins þegar réttur til aðstoðar myndast og fullnægja eftirtöldum skilyrðum, samanber þó gr. **9.4, 9.6, 9.7 og 9.8.**

**9.2** Þeir sem greitt hafa .....

**9.3** Hafi umsækjandi ....

**9.4** a) Almennt skapast ....

**9.5** Ef verulegar breytingar .....

**9.6** Geymd réttindi

## Tillaga nr. 11

Grein 9.1- Núvarandi hljóðan:

*9.1 Þeir sem greitt hafa iðgjald til VR fyrir einn mánuð skulu eiga rétt til greiðslna sjúkra- og slysadagpeninga en til þess að eiga rétt til annarra styrkja úr sjúkrasjóði, s.s. dánarbóta o.s.frv. þarf að hafa greitt iðgjald til VR samfellt í a.m.k. 6 mánuði fyrir dagsetningu umsóknar.*

Verði (breyting í **rauðu letri**):

9.2 Þeir sem greitt hafa iðgjald til **Sjúkrasjóðs** VR fyrir einn mánuð skulu eiga rétt til greiðslna sjúkra- og slysadagpeninga en til þess að eiga rétt til annarra styrkja úr sjúkrasjóði, s.s. dánarbóta o.s.frv. þarf að hafa greitt iðgjald til **Sjúkrasjóðs** VR samfellt í a.m.k. 6 mánuði fyrir dagsetningu umsóknar.

---

## Tillaga nr. 12

Grein 9.2- Núvarandi hljóðan:

*9.2 Hafi umsækjandi átt rétt í sjúkrasjóði annars félags innan ASÍ, skal veita honum aðild að Sjúkrasjóði VR eftir að hafa greitt iðgjald til VR fyrir einn mánuð.*

Verði (breyting í **rauðu letri**):

9.3 Sá sem öðlast hefur rétt til greiðslu úr sjúkrasjóði eins verkalýðsfélags innan ASÍ öðlast rétt hjá Sjúkrasjóði VR, skv. 2. gr., eftir að greitt hefur verið vegna hans til sjóðsins í einn mánuð, enda hafði hann fram að því átt rétt hjá fyrra félaginu.

Í samræmi við breytingartillögu nr. 10 uppfærist einnig númer greinarinnar úr 9.2 í 9.3 og núverandi gr. 9.3 a) og b) liðir verða gr. 9.4 a) og b) liðir.



## Tillaga nr. 13

Grein 9.3 a) - Núvarandi hljóðan:

*a) Almennt skapast ekki réttindi í Sjúkrasjóði VR með iðgjaldagreiðslum af atvinnuleysisbótum, eða fæðingarorlofsgreiðslum, nema hjá þeim sem voru félagar í VR þegar þeir misstu vinnu og sóttu um atvinnuleysisbætur eða hófu töku fæðingarorlofs. Hafi félagsmaður fengið heimild til að greiða iðgjöld til félagsins af atvinnuleysisbótum, þrátt fyrir að hafa ekki verið félagi í VR þegar hann missti vinnu, skulu réttindi vegna hans í Sjúkrasjóði VR þó skapast eftir að iðgjöld af atvinnuleysisbótum hafa verið greidd í samfelld 9 mánuði.*

Verði (breyting í **rauðu letri**):

**9.4** Almennt skapast ekki réttindi í Sjúkrasjóði VR með iðgjaldagreiðslum af atvinnuleysisbótum eða fæðingarorlofsgreiðslum, nema hjá þeim sem voru félagar í VR þegar þeir misstu vinnu og sóttu um atvinnuleysisbætur eða hófu töku fæðingarorlofs. **Heimilt er þó að veita slík réttindi í Sjúkrasjóði VR þeim atvinnuleitendum sem greitt hafa félagsgjald til VR í a.m.k. 36 mánuði af síðustu 60 mánuðum fyrir skráningu á atvinnuleysisrá.**

---

## Tillaga nr. 14

Grein 9.5 b) - Núvarandi hljóðan:

*b) Fæðingarorlof telst til vinnutíma og skerðir ekki rétt til bóta.*

Verði (breyting í **rauðu letri**):

**Þessi grein falli brott.**

---

## Tillaga nr. 15

Grein 9.6 - Núvarandi hljóðan:

*Heimilt er að veita takmarkaðan rétt til dánarbóta og styrkja skv. gr. 9.2 vegna þeirra sem láta af störfum eftir 67 ára aldur.*

Verði (breyting í **rauðu letri**):

Heimilt er að veita rétt til dánarbóta og styrkja vegna þeirra sem láta af störfum eftir 67 ára aldur.

**Tillaga nr. 16**

Grein 10.1 a) Núverandi hljóðan:

*10. gr. Styrkveitingar úr Sjúkrasjóði VR**10.1 Bótaflokkar sjóðsins eru:**a) Sjúkra- og slysadagpeningar.*

*Sjúkrasjóðnum er heimilt að greiða sjúkra- og slysadagpeninga ef launatekjur falla niður sökum veikinda eða slysa og skulu þeir vera 80% af meðallaunum. Í þeim tilvikum þar sem félagsmaður fær greiðslur fyrir sama veikindatímabil frá öðrum aðilum svo sem greiðslur úr slysatryggingu launafólks eða samkvæmt annarri lögbundinni tryggingu, skal greiða mismun þeirrar bótafjárhæðar og 80% meðallauna ef sú upphæð er lægri en útreiknuð upphæð dagpeninga frá VR.*

*(2. mgr.) ..... Undanþegnir frá þessu eru þó umsækjendur sem verið hafa fullgildir félagar annars félags í ASÍ, sbr. gr. 9.2.*

*(3. mgr.) Einnig er heimilt að greiða dagpeninga ef launatekjur falla niður vegna veikinda barna sjóðsfélaga í allt að 270 daga og vegna langvarandi veikinda maka í allt að 3 mánuði.*

*(4. mgr.) ..... Uppfylli félagsmaður skilyrði til endurhæfingarlífeyris hjá Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að synja umsókn um sjúkradagpeninga.*

*(5. mgr.) Almennt skal það vera skilyrði styrkja og sjúkradagpeninga að umsækjandi komi fyrst til viðtals hjá ráðgjafa sjóðsins og að gögn hans séu skoðuð af trúnaðarlækni sjóðsins til að leggja mat á möguleg endurhæfingarúrræði.*

*..... Komi til slíkrar skerðingar er greiðsluþega heimilt að krefjast þess að það fari til stjórnar sjóðsins til endanlegrar ákvörðunar.*

Verði (breyting í **rauðu letri**):

(ýmsar efnisbreytingar og viðbætur og auk þess verði gr. 10.1 a) að **gr.10** og gr. 10.1 b) verður **gr. 11** og gr. 10.1 c) verður **gr. 12** og númerabreytingar sem því fylgir á þær greinar sem eftir koma)

**10. gr. Sjúkra- og slysadagpeningar**

(1.mgr.) Sjúkrasjóðurinn skal greiða sjúkra- og slysadagpeninga ef launatekjur falla niður sökum veikinda eða slysa og skulu þeir vera 80% af meðallaunum. **Við útreikning upphæðar dagpeninga skal miða við greiðslur til félags- og Sjúkrasjóðs VR síðustu 6 mánuði áður en launagreiðslur féllu niður. Hafi orðið verulegar breytingar á launum síðustu 6 mánuði skal meta tekjur sérstaklega og yfir lengra tímabil en þó aldrei lengra tímabil en 12 mánuði.** Í þeim tilvikum þar sem félagsmaður fær greiðslur fyrir sama **slysa og/eða** veikindatímabil frá öðrum aðilum svo sem greiðslur úr slysatryggingu launafólks, **er heimilt að** greiða mismun þeirrar bótafjárhæðar og 80%



meðallauna ef sú upphæð er lægri en útreiknuð upphæð dagpeninga frá **Ráttgjafi** VR. **Slysadagpeningar skv. grein þessari greiðast ekki vegna skaðabótaskyldra slysa og atvinnusjúkdóma, þ.m.t. slysa af völdum vélknúinna ökutækja.**

(2.mgr.) ..... Undanþegnir frá þessu eru þó umsækjendur sem verið hafa fullgildir félagar annars félags í ASÍ, sbr. gr. 9.3.

(3.mgr) Einnig er heimilt að greiða dagpeninga ef launatekjur falla niður vegna veikinda barna sjóðsfélaga, **yngrri en 18 ára**, í allt að 270 daga og vegna langvarandi veikinda maka í allt að 3 mánuði.

(4. mgr) ..... **Eigi** félagsmaður **rétt** til endurhæfingarlífeyris hjá Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að synja umsókn um sjúkra- eða slysadagpeninga. **Nemi endurhæfingarlífeyrir lægri fjárhæð en sjúkra- eða slysadagpeningar er heimilt að greiða honum það sem upp á vantar í samræmi við sjúkradagpeningarétt hans.**

(5. mgr.) Almennt skal það vera skilyrði **greiðslu sjúkra- og slysadagpeninga** að umsækjandi komi fyrst til viðtals hjá ráðgjafa sjóðsins og að gögn hans séu skoðuð af trúnaðarlækni sjóðsins til að leggja mat á möguleg endurhæfingarúrræði. Sjúkra- og slysadagpeningar þeirra sem hafna að taka þátt í boðnum úrræðum ráðgjafa sjóðsins skulu vera 72% af meðallaunum. **Þó skal ekki koma til slíkrar skerðingar fyrr en að greiddir hafa verið a.m.k. 120 dagar á viðkomandi greiðslutímabili.** Komi til slíkrar skerðingar er **viðkomandi félagsmanni** heimilt að krefjast þess að **málið verði lagt fyrir framkvæmdastjórn** sjóðsins til endanlegrar ákvörðunar.

Hvert samfellt greiðslutímabil er 270 dagar á hverju 12 mánaða tímabili. Sá sem hefur fullnýtt þann rétt öðlast hann að nýju þegar greitt hefur verið fyrir hann til sjóðsins í 12 mánuði.

## Tillaga nr. 17

Grein 10.1 b) - Núvarandi hljóðan:

*10.1 b) VR greiðir dánarbætur við dauðsfall fullgildra félagsmanna. Bótafjárhæðir fara eftir fjölskyldustærð og hvort viðkomandi var ennþá á vinnumarkaði og skulu að lágmarki vera kr. 210.000 og úthlutað samkvæmt gildandi Starfsreglum Sjúkrasjóðs VR.*

Verði (breyting í **rauðu letri**):

### 11. gr. Dánarbætur

VR greiðir dánarbætur við dauðsfall fullgildra félagsmanna. Bótafjárhæðir fara eftir fjölskyldustærð og hvort viðkomandi var ennþá á vinnumarkaði og úthlutað samkvæmt gildandi Starfsreglum Sjúkrasjóðs VR.



## Tillaga nr. 18

Grein 10.1 c) verður að nýrri **gr. 9.9**

Grein 10.1 c) - Núvarandi hljóðan:

*10.1 c) Stjórn sjóðsins er heimilt að stofna til annarra bótaflokka í formi, fæðingarorlofs, slysstrygginga og annarra heilsufarstrygginga.*

Verði (breyting í **rauðu letri**):

**9.9** Stjórn sjóðsins er heimilt að stofna til annarra bótaflokka í formi, fæðingarorlofs, slysstrygginga og annarra heilsufarstrygginga.

## Tillaga nr. 19

Grein 10.2 - Núvarandi hljóðan:

*10.2 Stjórn sjóðsins er heimilt að veita styrki til sjóðsfélaga í formi forvarna-og endurhæfingarstyrkja og styrkja vegna sjúkra- og slysakostnaðar.*

Verði (breyting í **rauðu letri**):

**9.7 Framkvæmdastjórn** sjóðsins er heimilt að veita styrki til sjóðsfélaga í formi forvarna-og endurhæfingarstyrkja og styrkja vegna sjúkra- og slysakostnaðar.

## Tillaga nr. 20

Grein 10.3 - Núvarandi hljóðan:

*10.3 Styrkir og fjárframlög til stofnana og félagasamtaka skulu ákveðnir af stjórn sjóðsins hverju sinni skv. 2. gr.*

Verði (breyting í **rauðu letri**):

**9.8** Styrkir og fjárframlög til stofnana og félagasamtaka skulu ákveðnir af stjórn sjóðsins hverju sinni skv. 2. gr.

## Tillaga nr. 21

### 11. gr. Samskipti sjúkrasjóða

11.1 Sá sem öðlast hefur rétt til greiðslu úr sjúkrasjóði eins verkalýðsfélags, innan ASÍ, öðlast rétt hjá Sjúkrasjóði VR, skv. 2. gr., eftir að greitt hefur verið vegna hans til sjóðsins í einn mánuð, enda hafði hann fram að því átt rétt hjá fyrra félaginu.

Verði (breyting í **rauðu letri**):

Greinin sem slík **fellur brott** en textinn flyst í gr. 9 og myndar **gr. 9.3** sjá breytingartillögu nr. 9

## Tillaga nr. 22

Grein 12.1 Núverandi hljóðan:

### 12. Lausn frá greiðsluskyldu

12.1 Ef farsóttir geisa getur sjóðsstjórn leyst sjóðinn frá greiðsluskyldum sínum um stundarsakir. Einnig getur sjóðsstjórn ákveðið að lækka um stundarsakir upphæð bóta, ef afkomu sjóðsins virðist hætta búin.

Verði (breyting í **rauðu letri**):

### 13. gr. Lausn frá greiðsluskyldu

Ef farsóttir, náttúruhamfarir eða önnur stór áföll geisa getur sjóðsstjórn leyst sjóðinn frá greiðsluskyldum sínum um stundarsakir. Einnig getur stjórn sjóðsins ákveðið að lækka um stundarsakir upphæð bóta, ef afkomu sjóðsins virðist hætta búin. **Sé nauðsynlegt að skerða bætur vegna fjárhags sjóðsins skulu sjúkra- og slysadagpeningar skerðast minnst og njóta forgangs umfram aðra bótaflokka eða útgreiðslur.**

## Tillaga nr. 23

Ný grein 12:

**12. gr. Slysabætur.**  
Sjúkrasjóður greiðir slysabætur sem hér segir:

- **Bætur vegna varanlegrar örorku vegna slyss í frítíma:**  
Bætur vegna varanlegrar örorku, 10% eða meira, greiðast í hlutfalli við bótafjárhæð sem kveðið er á um í starfsreglum sjóðsins hverju sinni, þó þannig

að hvert örorkustig 26-50% virkar tvöfalt og hvert örorkustig 51-100% virkar fjórfalt.

- Bætur vegna slysa barna félagsmanna, yngri en 18 ára, þ.e. dánarbætur og örorkubætur vegna slyss eins og kveðið er á um í starfsreglum sjóðsins hverju sinni.

Slysabætur greiðast ekki vegna skaðabótaskyldra slysa og atvinnusjúkdóma þ.m.t. slysa af völdum vélknúinna ökutækja. Auk þess greiðast ekki slysabætur ef slys eða óvinnufærni má rekja til ásetnings, ölvunar eða stórkostlegs gáleysis.

Bætur vegna tímabundinnar örorku falla undir sjúkra- og slysadagpeninga, skv. gr.10

Vegna þessa og að einnig er komin ný gr. 11, breytist númeraröð greina þannig:

Núverandi gr. 12 verður **gr. 13**

Núverandi gr. 13 verður **gr. 14**

Núverandi gr. 14 verður **gr. 15**

Núverandi gr. 15 verður **gr. 16**

## Tillaga nr. 24

Grein 13. Núverandi hljóðan:

### **13. gr. Fyrning bótaréttar**

*13.1 Réttur til bóta eða styrkja úr sjóðnum fyrnist sem hér segir:*

*a) Bætur skv. gr. 10.1 og 10.1 b) fyrnast á 24 mánuðum.*

*b) Styrkir skv. gr. 10.2 fyrnast á 12 mánuðum.*

Verði: (ath. er nú **14. gr.**)

### **14. gr. Fyrning bótaréttar**

Réttur til bóta eða styrkja úr sjóðnum fyrnist sem hér segir:

Dagpeningar, slysa- og dánarbætur fyrnast á 24 mánuðum frá því að réttur til bóta myndast.

Aðrar greiðslur og styrkir fyrnast á 12 mánuðum frá því að réttur til greiðslu skapaðist.

## Tillaga nr. 25

Grein 15. Núverandi hljóðan:



**15. gr. Upplýsingaskylda**

15.1 Stjórn sjóðsins ber að upplýsa sjóðsfélaga um rétt þeirra samkvæmt reglugerð sjóðsins með kynningu í VR blaðinu eða útgáfu bæklinga.

Verði (breyting í **rauðu letri**):

Verði: (ath. er nú **16. gr.**)

**16. gr. Upplýsingaskylda**

16.1 Stjórn sjóðsins ber að upplýsa sjóðsfélaga um rétt þeirra samkvæmt reglugerð sjóðsins með kynningu á **vefsíðu félagsins**.

**Tillaga nr. 26**

Grein 16 verði gr. **19**

**16. gr. Breytingar á reglugerðinni**

16.1 Breytingar á reglugerðinni verða aðeins gerðar á aðalfundi VR.

Verði (breyting í **rauðu letri**):

**19. gr. Breytingar á reglugerðinni**

Breytingar á reglugerðinni verða aðeins gerðar á aðalfundi VR.

**Tillaga nr. 27**

Ný grein sem fær **nr. 17**

Verði:

**17. gr. Bóta aflað með sviksamlegum hætti**

Sá sem reynir að afla sér bóta með því að gefa rangar eða villandi upplýsingar, leynir eða lætur hjá líða að tilkynna um breytingar á högum sínum eða heilsu sem áhrif hefur á réttindi að fullu eða hluta samkvæmt þessari reglugerð skal missa rétt til bóta úr sjóðnum. Heimilt er að endurkrefja bótaþega um þegar greiddar bætur/dagpeninga sem aflað er með sviksamlegum hætti auk dráttarvaxta. Við fyrsta brot skal endurkrefja um ofgreiddar bætur auk þess sem viðkomandi skal ekki eiga rétt til greiðslu bóta úr Sjúkrasjóði VR fyrr en að tveimur mánuðum liðnum, sem ella hefðu verið greiddar á sama bótatímabili, eða næst þegar sótt er um bætur. Við annað brot skulu það vera þrjú mánuðir en við þriðja brot níu mánuðir. Réttur til bóta samkvæmt framansögðu er háður því að endurgreiðsla ranglega greiddra bóta hafi farið fram.

## Tillaga nr. 28

### Ný 18. grein.

Verði:

#### 18. gr. Úrskurðarnefnd VR

Heimilt er að kæra ágreining sem rís um túlkun reglna, grundvöll, skilyrði og fjárhæð dagpeninga, styrkja og annarra greiðslna úr sjóðnum til úrskurðarnefndar VR sem skipuð er af stjórn félagsins. Hlutverk úrskurðarnefndar VR er að kveða upp úrskurði um ágreiningsefni sem kunna að rísa á grundvelli laga og reglna VR.

Kærufrestur er þrjú mánuðir frá því að viðkomandi félagsmanni eða aðila er tilkynnt um ákvörðun Sjúkrasjóðs VR og nánar eftir gildandi reglum um úrskurðarnefnd VR hverju sinni.

## Tillaga nr. 29

### Gildistími

Ofangreindar breytingartillögur á Reglugerð Sjúkrasjóðs VR taka gildi strax og þær hafa verið samþykktar á aðalfundi félagsins að undanskildum breytingum nr. 13 (gr. 9.4) nr. 16 (3. mgr. ,4.mgr. og 5. mgr.) og nr. 23 (öll greinin) en breytingar sem kunna að verða samkvæmt þeim taka gildi frá og með 1. júlí 2015.

Fundarstjóri gaf orðið laust

Petrína Ragna lýsti ánægju sinni með þessar tillögur en lagði fram fyrirspurn varðandi rétt eldri félagsmanna -, hversu lengi halda félagsmenn réttindum til dánarbóta – fyrnist réttur á 24 mánuðu ? Rannveig Sigurðardóttir svaraði fyrirspurnum.

Fundarstjóri lagði tillögurnar upp til atkvæðagreiðslu og voru þær samþykktar samhljóða.

### 7. Lýst kjöri stjórnar og trúnaðarráðs

Aðalmenn: Helga Ingólfssdóttir, Ragnar Þór Ingólfsson, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Birgir Már Guðmundsson, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Páll Örn Línal og Rannveig Sigurðardóttir

Varamenn: Ólafur Reimar Gunnarsson, Sigmundur Halldórsson og Óskar Guðmundsson

Trúnaðarráð:

**Andri Þór Kristinsson**

**Anna Þórðardóttir Bachmann**

**Ásta Rut Jónasdóttir**

**Birgitta Ragnarsdóttir**

**Hjördís Garðarsdóttir**

**Ingimar Þorsteinsson**

**Jóhann Már Sigurbjörnsson**

**Jón Guðmundur Björgvinsson**

**Stefán Árni Stefánsson**

**Steinar Viktorsson**

**Steinþór Ásgeirsson**

**Sveinbjörn F Pétursson**

Björgvin Ingason	Jón Hrafn Guðjónsson	Þorbjörg Halla Harðar
Björn Axel Jónsson	Júlíana Pálsdóttir	Þorlákur Jóhannsson
Elva Hrönn Hjartardóttir	Kristinn Örn Jóhannesson	Þorsteinn Þórólfsson
Eyrún Ingadóttir	Nína Kristbjörg Hjaltadóttir	Þóra Guðbjörg Hallsdóttir
Gísli Kristján Gunnsteinsson	Petrína Ragna Pétursdóttir	Þóra Kristín Halldórsdóttir
Guðlaug Rúna Guðmundsdóttir	Ragnar Orri Benediktsson	Þróstur Ríkarðsson
Guðmundur J Jónsson	Sesselja Jónsdóttir	
Guðrún Jóna Valgeirsdóttir	Sigrún Guðmundsdóttir	
Gunnar Böðvarsson	Sigurbjörg Þorláksdóttir	
Halldóra M Steinarsdóttir	Soffía Óladóttir	

## 8. Kosning löggilts endurskoðenda eða endurskoðunarskrifstofu og tveggja félagslega kjörinna fulltrúa

Aðalfundur VR, haldinn á Hilton Reykjavík Nordica hóteli miðvikudaginn 25. mars 2015, samþykkir að endurskoðunarskrifstofan Deloitte hf. sjái um endurskoðun félagsins fyrir reiknisárið 2015.

Aðalfundur VR, haldinn á Nordica Hóteli, miðvikudaginn 25. Mars 2015 samþykkir að stjórnarlaun verði óbreytt Samþykkt samhljóða

## 9. Önnur mál

Ólafía B Rafnsdóttir kynnti tillögu stjórnar VR um Drögð að reglugerð fyrir Vinnudeilustjór VR. :

### Drögð að reglugerð fyrir Vinnudeilusjóð VR

#### 1. gr. Nafn sjóðsins og heimili

1.1 Sjóðurinn heitir Vinnudeilusjóður VR.

1.2 Vinnudeilusjóður VR er eign VR. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

#### 2. gr. Tilgangur sjóðsins

2.1 Tilgangur sjóðsins er að veita félagsmönnum VR sem missa atvinnutekjur vegna vinnustöðvunar eða verkanna fjárhagsaðstoð, eftir því sem hagur sjóðsins leyfir hverju sinni.

#### 3. gr. Tekjur sjóðsins





3.1 Framlag úr félagsjóði VR, ákveðið á aðalfundi félagsins hverju sinni.

3.2 Vaxtatekjur.

3.3 Gjafir, framlög og styrkir.

#### 4. gr. Stjórn og rekstur

4.1 Stjórn VR er jafnframt stjórn sjóðsins og ber ábyrgð á úthlutunum og öðrum fjárreiðum sjóðsins.

4.2 Stjórn VR er heimilt að fela þremur mönnum framkvæmdastjórn sem fer með daglega afgreiðslu sjóðsins. Í þeirri stjórn skulu eiga sæti þrír aðalmenn og einn varamaður skipaðir úr hópi aðalmanna og varamanna stjórnar VR til tveggja ára í senn. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

4.3 Stjórnun sjóðsins skal vera í samræmi við almennar stjórnsýslureglur.

4.4 Fjárreiður og umsjón með sjóðnum annast skrifstofa VR.

4.5 Vinnudeilusjóður VR greiðir allan kostnað sem af rekstri hans leiðir.

4.6 Framkvæmdastjórn sjóðsins setur nánari starfsreglur um greiðslur og aðra starfstilhögun sjóðsins, þ.á m. hvenær í vinnudeilu skuli hefja úthlutun úr sjóðnum, upphæð styrkja og greiðslutímabil. Starfsreglur sjóðsins skulu taka mið af stærð og eðli viðkomandi vinnudeilu og einnig skal taka mið af stöðu sjóðsins hverju sinni.

4.7 Framkvæmdastjórn sjóðsins skal leggja tillögur að starfsreglum sjóðsins fyrir stjórn VR. Stjórn VR þarf að samþykkja starfsreglurnar til þess að þær öðlist gildi.

4.8 Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók um fundi sína, styrkbeiðnir og styrkveitingar.

#### 5. gr. Greiðslur úr sjóðnum

5.1 Félagsmaður VR, sem var fullgildur félagsmaður áður en viðkomandi vinnudeila hófst og er skuldlaus við félagið, á rétt á fjárhagsaðstoð úr sjóðnum vegna vinnustöðvunar.

5.2 Félagsmenn sem halda launum í vinnudeilu eiga ekki rétt á fjárhagsaðstoð úr sjóðnum.

5.3 Félagsmenn sem hefja störf annars staðar meðan á vinnustöðvun stendur missa rétt til greiðslu úr sjóðnum.

#### 6. gr. Ávöxtun sjóðsins

6.1 Vinnudeilusjóð skal ávaxta skv. 26. gr. laga VR.

#### 7. gr. Ársreikningur og endurskoðun

7.1 Ársreikning sjóðsins skal birta með reikningum VR og skal hann endurskoðaður með sama hætti og aðrir sjóðir VR.

7.2 Ársreikning sjóðsins skal leggja fram áritaðan af félagslegum skoðunarmönnum félagsins og löggiltum endurskoðanda fyrir aðalfund félagsins. Reikningsár sjóðsins er það sama og félagsins.

#### 8. gr. Sjóðurinn lagður niður

Hætti sjóðurinn störfum eða ákvörðun er tekin um að honum verði slitið færast eignir hans í félagsjóð VR.

#### 9. gr. Breytingar á reglum sjóðsins

Reglum þessum má aðeins breyta á aðalfundi VR og fer með slíkar breytingar eins og um breytingar á lögum VR væri að ræða sbr. 28. gr. laga VR.

Umræður : Jóhanna Rúnarsdóttir fyrirspurn varðandi gr

Gr 5.1. skuldlausir félagsmenn, Óskar

Reglugerð lögð fram til atkvæða, samþykkt samhljóða.

Önnur mál:


Guðmundur Ingi Kristinsson tók til máls og lagði fram ósk til stjórnar VR um að hún endurskoði breytingar vegna réttinda örykja í Starfsmennastjóði.

Fundarstjóra og fundarritara var falið að ganga frá fundargerð.


Fundarstjóri sleit fundi

Fundargerð ritaði Rósmarý Andersen Úlfarsdóttir

Fleira var ekki rætt og fundi var slitið kl.2200



Guðmundur B. Ólafsson



Rósmarý Andersen  
Rósmarý A. Úlfarsdóttir